

Niðurstaða athugunar á framsetningu auglýsingar eignastýringar MP banka hf.

Fjármálaeftirlitið tók til athugunar framsetningu auglýsingar eignastýringar MP banka hf. sem birt var í Fréttablaðinu þann 23. maí 2011.

Kveðið er á um almenna upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina á sviði verðbréfavíðskipta í 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti en auk þess eru ítarlegar reglur í 28. – 34. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Fram kemur í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem síðar varð að núgildandi lögum um verðbréfavíðskipti að tilgangur reglna um upplýsingagjöf til viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina sé m.a. neytendavernd almennra fjárfesta. Þessi neytendavernd á m.a. að tryggja að almennur fjárfestir hafi aðgang að greinargóðum upplýsingum til að geta tekið upplýsta ákvörðun sem varðar fjárhagslega framtíð hans. Fjármálaeftirlitið skoðaði framsetningu umræddrar auglýsingar MP banka hf. m.a. með þennan yfirlýsta tilgang að leiðarljósi.

Fjármálaeftirlitið gerði m.a. eftirfarandi athugasemdir við umrædda auglýsingu:

- Að framsetning auglýsingarinnar gefi sterklega til kynna að auglýstur árangur sé fyrir alla eignastýringarþjónustu MP banka hf. en ekki einungis eina af þeim fjárfestingarleiðum sem eru í boði á vegum þess en hið síðarnefnda kemur einungis fram í neðanmálgrein. Hvorki koma fram skýringar á því hvað felst í því að velja mismunandi leiðir né hversu margar þær eru.
- Að fyrirvari um að tölur vísi til fortíðar og að árangur í fortíð gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur sé ekki eins áberandi og gert er ráð fyrir í lögum og viðeigandi reglum.
- Að misvægi í sýnileika milli upplýsinga um ávinning annars vegar og áhættu hins vegar dragi úr gildi viðvarananna og upplýsi ekki almenna fjárfesta á sanngjarnan hátt um hugsanlega áhættu sem falist geti í því að nýta eignastýringarþjónustu MP banka hf.
- Að ekki komi skýrt fram að um nafnávöxtun sé að ræða.
- Að í umræddri auglýsingu komi ekki fram áhrif af umboðslaunum, þóknunum eða öðrum gjöldum á heildarárangur eignastýringarþjónustu bankans.